

Tölvumál 2005

Á árinu 2005 var útgáfa Tölvumála með svipuðu sniði og áður, það er að gefa út greinar á vefnum og birta daglega fréttapunkta en áform voru uppi um að koma út prentuðu blaði síðastliðið vor. Því var frestað til haustsins og í nóvember gefið út veglegt blað með 13 frumsömdum greinum.

Á sínum tíma var það rætt að hætta alveg að gefa út prentað eintak Tölvumála og taka það róttæka skref að gefa einungis út vefrit. Þær hugmyndir féllu ekki í kramið og afráðið að gefa tímaritið áfram út að minnsta kosti árlega, jafnvel tvisvar á ári.

Eftir á að hyggja var það heillaskref að halda í hefðina því að þótt netmiðlar séu um margt ágætir eru það alltaf tiltekin tímamót að hafa tilbúið blað í höndunum þar sem vandað er til verks eftir fremsta megni og mun þegar tíminn líður verða heimild um það starf sem við erum að vinna innan Ský. Einnig hefur reynslan sýnt að það er ákveðin hvatning til aðstandendanna að hafa það markmið, að koma blaðinu í prent á "deadline".

Ástæðan fyrir því að ég ræði þetta sérstaklega eru þau tíðindi að tímritið Tölvuheimur hætti útkomu í fyrra, og þó Tölvumál og Tölvuheimur væri á sitthvorum miðunum og þannig ekki bein keppni á milli blaðanna var Tölvuheimur til merkis um að gamli og nýi tíminn gæti lifað saman og að markaður væri fyrir prentað tímarit um UT.

Þannig að nú er svo komið að Tölvumál eru líklega eina prentaða tímarit landsins sem helgað er upplýsingatækninni fyrir utan það að vera elst.

Ef til vill má segja af þessu tilefni að eins dauði er annars brauð og kannski grundvöllur fyrir því núna að Tölvumál víkki út sjóndeildarhringinn með því að taka til birtingar efni sem annars hefði komið út í Tölvuheimi, og þeirri hugmynd er hér með varpað fram.

Vefur félagsins var tekin í gegn á árinu sem leið og margt lagað og betrubætt og færi ég þeim sem að því stóðu bestu þakkir fyrir frábært starf. Núna er margt aðgengilegra en áður og auðveldara að setja inn efni eins og til dæmis að skrifa fréttir nánast hvaðan og hvenær sem er. Alltaf tekst okkur að vera inn á lista yfir fjölsóttu vefi og þó við skákum ekki þeim sem ofarlega eru þá er umferðin alveg í lagi.

Núna hef ég ákveðið að láta af ritstjórarstarfinu eftir að hafa verið í ritstjórn í 10 ár. Mér finnst þetta í rauninni enginn tími því hann hefur liðið svo fljótt hjá, mikið búið að gera og margt breyst en síðast en ekki síst hefur verið frábært að starfa með svo mörgu góðu fólki í ritstjórninni fyrr og nú. Sérstaklega vill ég þakka Hólmfríði og Sóleyju fyrir þeirra stóra hlut í útgáfunni í öllu mögulegu tilliti.

Sjálfur þakka ég það traust mér hefur verið sýnt og þann velvilja sem Tölvumál njóta og læt þetta verða mín lokaorð sem ritstjóri.

Takk fyrir.